



Árnesi, 3. júlí 2024

## **Erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Ánessýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna.**

Framundan er vinna við að færa Brunavarnir Ánessýslu inn í nýtt byggðasamlag. Vinna við nýjar samþykktir er í gangi og í nýjum samþykktum þarf að skilgreina kostnaðarskiptingu við rekstur Brunavarna Ánessýslu. Núverandi kostnaðarskipting hefur verið á þann hátt að 70% af rekstrarkostnaði er reiknaður út frá brunabótamati fasteigna og 30% er reiknaður út frá íbúafjölda. Slík skipting leiðir til þess að kostnaður við brunavarnir verður mjög misjafn á hvern íbúa milli sveitarfélaga.

Á vorfundi Héraðsnefndarinnar fór slökkviliðsstjóri yfir starfsemi síðasta árs. Á þeim fundi spurði oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hversu mikill hluti starfsemi Brunavarna Ánessýslu færí í brunavarnir og hversu mikill hluti færí í önnur verkefni eins og slys o.fl. Svarið við þeirri spurningu var að brunavarnir væru um 40% af starfseminni á meðan önnur verkefni væru 60%. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er það sanngirmismál að rekstur Brunavarnar Ánessýslu verði rekinn á jafnræðisgrundvelli með tilliti til þeirra verkefna sem starfsemin sinnir. Í kostnaðarskiptingunni er ekki tekið tillit til slysatíðni í umferð, flugvalla, hafna eða almannavarna. Mikilvægt er að kostnaðarskipting í Rekstri Brunavarna Ánessýslu verði í samræmi við verkefnin sem sinnt er.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar eftir því við stjórn Brunavarna Ánessýslu að slökkviliðsstjóra verði falið að taka saman tölfraði um verkefni síðustu 5 ára og þannig verði kortlagt hvernig verkefni Brunavarna Ánessýslu skiptist á brunavarnir, slys í umferð, önnur slys, almannavarnir og verkefni tengt flugumferð og sjóumferð.

Þegar slík gögn liggja fyrir verði gerð tillaga að nýrri kostnaðarskiptingu í samræmi við öll verkefni sem Brunavarnir Ánessýslu sinnir, en ekki horfa einungis til brunabótamats fasteigna og íbúafjölda.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

---

Haraldur Þór Jónsson  
Oddviti

Afrit af bréfi þessu er sent á sveitarstjóra/bæjarstjóra allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum Ánessýslu.

# Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson